



Reglur um útleigu leiguíbúða Fjarðabyggðar

Gilda frá 01.09.2013

Reglur vegna útleigu lausra og ónotaðra íbúða í Fjarðabyggð.

Kaflí 1. Almenn

1. grein

Með leiguíbúðum er átt við allar almennar leiguíbúðir í eigu Fjarðabyggðar.

2. grein

Leigutaki (íbúi) skal hafa lögheimili í Fjarðabyggð á meðan leigusamningur er í gildi.

3. grein

Við gerð leigusamnings skal leigutaki leggja fram tryggingu sem nemur allt að þriggja mánaða húsaleigu, tryggingin skal vera í formi peninga sem leigusali varðveitir eða bankaábyrgðar sem gildir þann tíma sem leigusamningur er í gildi.

4. grein

Leigutaki má ekki vera í vanskilum við Fjarðabyggð.

5. grein

Leigusali áskilur sér rétt til að ráðstafa íbúðum í samræmi við þarfir og aðstæður umsækjenda þó að það raski að hluta til biðlista umsækjenda. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum á forsendum þess að fyrri reynsla eða umsagnir gefi tilefni til að efast um góða umgengni leigutaka eða skil hans á leigu.

6. grein

Umsækjandi getur lagt umsókn sína fyrir fjölskyldusvið Fjarðabyggðar óski hann þess að umsóknin hljóti sérstaka meðferð og forgangs af félagslegum forsendum. Má þar til að mynda nefna lakan fjárhag, fjölskylduástandur, veikindi eða aðrar félagslegar aðstæður. Nánari upplýsingar hér um gefa starfsmenn fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar.

7. grein

Til að viðhalda gildi umsóknar þarf umsækjandi að endurnýja hana skriflega á fjögurra mánaða fresti.



Kafli 2. Útleiga lausra og ónotaðra íbúða í Fjarðabyggð til félaga og félagasamtaka

1. grein

Á aðeins við þegar önnur leiguíbúð Fjarðabyggðar er laus í sama hverfi.

2. grein

Á ekki við um íbúð þar sem umsókn af almennum markaði liggur fyrir.

3. grein

Fyrsta skref útleigu ferils, íbúð verður leigð til fjögurra mánaða. Leigutíminn verður gjaldfrjál en allur rekstrarkostnaður flyst yfir á leigutaka.

4. grein

Ef aðstæður á leigumarkaði leyfa, og tryggt er að samkeppni verði ekki skekkt, hefur umsjónarmaður leiguíbúða heimild til að endurnýja samning út frá fyrsta skrefi 3.gr. Fyrir slíkri heimild skal ákvæði 1.gr. uppfyllt sem og að einsýnt sé að viðkomandi íbúð komi til með að standa auð og ónýtt.

Að öðru leyti gilda lög um húsaleigusamninga eins og þau eru hverju sinni með þeim áherslum sem leigusali ákveður, svo sem bann við reykingum og banni við hunda og kattahaldi í leiguíbúðum Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð 23.ágúst 2013

Páll Björgvin Guðmundsson

Samþykkt í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd 15. ágúst 2013

Samþykkt í bæjarráði 19. ágúst 2013

Samþykkt í bæjarstjórn 22. ágúst 2013